

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

#### *Borgareyrar, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. desember 2019 breytingu á deiliskipulagi á Borgareyrum. Breytingin felst í því að byggingarreitur B1 er felldur út og afmarkaðar tvær nýjar lóðir. Á lóð 1 verður heimilt að byggja það sem áður var heimilt á byggingarreit B1 skv. eldra skipulagi. Á lóða 2 eru ekki fyrirhugaðar neinar byggingar. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

#### *Brúnir 1, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. desember 2019 breytingu á deiliskipulagi á Brúnum 1. Breytingin felur í sér að byggingarmagn fer úr 115 m<sup>2</sup> í 340 m<sup>2</sup>. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

#### *Eyvindarholt, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. desember 2019 tillögu að deiliskipulagi í Eyvindarholti. Tillagan tekur til u.þ.b. 4,0 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir fjórum byggingarreitum. Innan byggingarreits B1 er heimilt að byggja allt að sex gestahús, hvert um sig allt að 50 m<sup>2</sup>. Á byggingarreit B2 er íbúðarhús sem heimilt verður að stækka og byggja bílskúr, allt að 300 m<sup>2</sup>. Innan byggingarreits B2 er heimilt að byggja allt að 250 m<sup>2</sup> íbúðarhús á einni hæð með bílskúr. Innan byggingarreits B4 er fjárhús og hlaða sem heimilt verður að stækka í allt að 350 m<sup>2</sup>. Fjárhúsinu verður breytt í gistiaðstöðu fyrir allt að 12 gesti. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Laxhof, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. desember 2019 tillögu að deiliskipulagi á Laxhofi. Tillagan tekur til 1 ha landspildu, Laxhof, sem er stofnuð út úr Hesteyrum 3 í Vestur-Landeyjum. Tillagan gerir ráð fyrir byggingarreit undir íbúðarhús og gestahús auk aðkomuvega. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Ormsvöllur, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. desember 2019 breytingu á deiliskipulagi á Ormsvelli. Breyting er annars vegar á lóðinni Ormsvöllur 6, sem skipt er upp í þrjár lóðir, og hins vegar sameining á lóðunum Ormsvöllur 10 og 10a. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

#### *Steinmóðarbær 4, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. desember 2019 tillögu að deiliskipulagi á Steinmóðarbæ 4. Tillagan nær til 12.600 m<sup>2</sup> svæðis innan lands Steinmóðarbæjar 4. Innan byggingarreits er heimilt að byggja allt að 200 m<sup>2</sup> íbúðarhús, allt að 200 m<sup>2</sup> skemmu og tvö gestahús, sem hvort um sig geta verið allt að 45 m<sup>2</sup>. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 5. mars 2020.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,  
**Guðmundur Úlfar Gíslason**, skipulags- og byggingarfulltrúi.